



Innviðaráðuneyti
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgatt

Reykjavík, 23. mars 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um reikningagerð fyrir fjarskiptapjónustu, mál nr. S-59/2026

Samtök iðnaðarins, (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um reikningagerð fyrir fjarskiptapjónustu, mál nr. S-59/2026.

Samtökin styðja markmið draganna um að efla gagnsæi gagnvart endanotendum og stuðla að því að þeir geti áttað sig á því hvernig gjaldtöku fyrir fjarskiptapjónustu er háttáð. Skýr og aðgengileg upplýsingagjöf er mikilvæg, bæði fyrir neytendavernd og traust á fjarskiptamarkaði.

Samtökin leggja þó ríka áherslu á að reglugerðin taki mið af raunverulegri þróun fjarskiptamarkaðarins og sé í samræmi við lög nr. 70/2022 um fjarskipti, sem og þann ramma sem leiðir af evrópska fjarskiptakóðanum. Mikilvægt er að reglugerðin leiði ekki til óþarflega flókinna eða íþyngjandi krafna sem draga úr skýrleika reikninga eða auka kostnað án sambærilegs ávinnings fyrir notendur.

Samtökin telja mikilvægt að reglugerðin byggji á þeirri meginforsendu að reikningur eigi fyrst og fremst að skýra hvað sé gjaldfært og hvernig fjárhæð hans sé til komin. Samkvæmt 4. gr. draganna skulu á reikningum koma fram þær magntölur sem nauðsynlegar eru til þess að notandi geti fengið greinargóða mynd af því hvernig upphæðin er reiknuð og staðreynt gjaldfærsluna. Að mati samtakanna er þessi nálgun rétt og ætti hún að vera leiðandi við túlkun annarra ákvæða reglugerðarinnar. Slíkt styður við það að á reikningum séu almennt ekki birtar upplýsingar um þjónustu, notkun eða stillingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluskyldu viðskiptavinar.

Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar:

4. gr.

Samtökin telja að 4. gr. endurspegli mikilvæga meginreglu um að reikningur skuli veita notanda greinargóða mynd af því hvernig fjárhæð hans sé til komin. Að mati samtakanna ætti að styrkja þessa meginreglu enn frekar í reglugerðinni sjálfri, þannig að ótvírætt sé að upplýsingaskylda á reikningi takmarkist við það sem nauðsynlegt er til að skýra gjaldfærsluna.

Upplýsingagjöf ætti því ekki að ná til allrar mögulegrar notkunar eða þjónustupátta sem ekki eru gjaldfærðir. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem reikningar geta annars orðið of flóknir og síður gagnlegir fyrir neytendur, sem væri þvert á yfirlýst markmið reglugerðarinnar um gagnsæi og neytendavernd.

5. gr.

Í 5. gr. er mælt fyrir um staðlaðar upplýsingar á reikningum. Samtökin telja mikilvægt að þessi grein verði orðuð og túlkuð þannig að hún taki fyrst og fremst til þeirra gjalda sem viðskiptavinur er raunverulega krafinn um á hverju gjaldtímabili. Í núverandi drögum er gert ráð fyrir



sundurgreindum heildarkostnaði eftir tegund notkunar og sundurliðuðum notkunargjöldum (skv. 6. og 7. gr.) án þess að gerður sé nægilega skýr greinarmunur á notkunarháðri gjaldfærslu annars vegar og föstu áskriftargjaldi hins vegar.

Raunveruleikinn á fjarskiptamarkaði, einkum á einstaklingsmarkaði, er sá að innanlandsþjónusta er í mun minna mæli en áður gjaldfærð á grundvelli mínútuþjónu eða gagnamagns. Meginreglan er fremur föst áskriftarleið þar sem greitt er fast mánaðargjald og notkun hefur almennt ekki áhrif á greiðsluskyldu, nema í sérstökum undantekningartilvikum. Samtökin telja því að 5. gr. þurfi að veita fjarskiptafyrirtækjum skýrara svigrúm til að haga upplýsingagjöf á reikningum með hliðsjón af eðli þjónustunnar. Þegar fast mánaðargjald er greitt og notkun hefur ekki áhrif á fjárhæð reiknings, ætti almennt ekki að vera skylt að birta notkunarsundurliðun á reikningnum sjálfum. Slíkar upplýsingar eiga fremur heima í þjónustugátt eða smáforriti, þar sem notandi getur nálgast þær eftir þörfum.

Samtökin telja einnig mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að upplýsingar á reikningi eigi einungis að taka til gjalda sem lögð eru á viðskiptavin. Því ætti ekki að vera skylt að birta notkunargjöld eða þjónustupætti sem nema 0 kr. eða eru ekki rukkaðir. Að mati samtakanna myndi slík framsetning flækja reikninga að óþörfu, draga úr skýrleika og valda misskilningi og óþarfa fyrirspurnum.

6. gr.

Samtökin telja að taka þurfi skýrt mið af því að gjaldtaka fyrir símaþjónustu er í mörgum tilvikum ekki notkunarháð. Í 1. mgr. 74. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti er ráðherra beinlínis veitt heimild til að kveða á um undanþágu frá skyldu til sundurliðunar reikninga þegar gjaldtaka er óháð notkun þjónustunnar.

Að mati samtakanna styður þetta ákvæði með skýrum hætti að skylda til að birta sundurliðun símtala, skilaboða og annarrar notkunar á reikningi eigi fyrst og fremst við þegar gjaldtaka byggist á raunnotkun, eða þegar notkun leiðir til sérstaks gjalds, umframgjalds eða yfirgjalds. Þegar símaþjónusta er hins vegar seld gegn föstu áskriftargjaldi, og notkun hefur ekki áhrif á greiðsluskyldu, ætti ekki að vera skylt að birta slíka sundurliðun á almennum reikningi.

7. gr.

Samtökin telja að með sama hætti þurfi að taka skýrt mið af því að gjaldtaka fyrir netaðgangspjónustu er ekki ávallt notkunarháð. Í 2. mgr. 73. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti er sérstaklega fjallað um tilvik þar sem netaðgangs- eða símaþjónusta er gjaldfærð samkvæmt tímagjaldi eða neyslumagni.

9. gr.

Samtökin telja að greinina þurfi að endurskoða í ljósi ofangreindra sjónarmiða. Greinin gerir ráð fyrir að ítarleg sundurliðun innihaldi allar upplýsingar samkvæmt 5., 6. og 7. gr., auk nánari upplýsinga um einstök símtöl, nákvæma sundurliðun gagnamagns, hlutfallslegra skiptingu hringdra símtala eftir móttökunetum og upplýsingar um yfirgjaldspjónustu.

Samtökin telja eðlilegt að notendur geti fengið ítarlegri sundurliðun óski þeir eftir henni, einkum þegar gjaldfærsla byggist á raunnotkun. Hins vegar telja samtökin að ekki sé sjálfgefið að allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í greininni skuli vera hluti af almennri eða sjálfvirkri upplýsingagjöf í öllum tilvikum. Í þessu sambandi þarf að meta hvort upplýsingarnar séu nauðsynlegar til að staðreyna gjaldfærslu, hvort þær þjóni skýrum hagsmunum neytenda.

10. gr.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að upplýsingar sem geta falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar séu undanskildar sundurliðun reikninga. Hins vegar gera samtökin



athugasemd við nýja 2. mgr. þar sem kveðið er á um að sundurliðaður reikningur skuli ekki tilgreina vefsíður eða nettengipunkta sem tengdir eru notkunarloftu. Samtökin átta sig ekki fullilega á því hvaða þörf þessi viðbót þjónar í framkvæmd, enda er ekki vitað til þess að slík framsetning hafi tíðkast á reikningum hér á landi. Þótt færa megi rök fyrir því að ákvæðinu sé ætlað að draga skýr mörk um heimila sundurliðun með hliðsjón af persónuvernd, telja samtökin æskilegt að ráðuneytið skýri betur tilefni þess og tilgang. Að öðrum kosti mætti meta hvort ákvæðið sé óþarft í núverandi mynd.

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Gunnar Sigurðarson', is written over a horizontal line.

Gunnar Sigurðarson,

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins